

TILLAGA STJÓRNAR AÐ TEKJUSKIPTINGU

Lögð fram á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi 9. maí 2026

Flm: Sigríður Stefánsdóttir formaður Rauða krossins á Íslandi, Jón Ásgeirsson varaformaður, Arnbjörg Sveinsdóttir stjórnarmaður, Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir stjórnarmaður, Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir stjórnarmaður, Ívar Kristinsson stjórnarmaður, Magnea Gná Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Óttarr Ólafur Proppé stjórnarmaður, Símon Friðrik Símonarson stjórnarmaður, Valgerður Bláklukka Fjölhisdóttir stjórnarmaður, Árni Jóhannsson varamaður og Unnsteinn Ingason varamaður.

Tillagan:

1. Sameiginlegir tekjustofnar eru framlög Íslandsspila til Rauða krossins á Íslandi og hagnaður af framlögum Mannvina.

2. Skipting framlaga Íslandsspila

2.1 Skipting framlaga Íslandsspila árin 2027 og 2028 skal vera eftirfarandi:

- 3%** fer til Sjúkrabílasjóðs
- 10%** fer til deilda og skiptist í samræmi við íbúafjölda. Þó skal framlag til einstakra deilda vera að lágmarki 500.000 krónur.
- 10%** fer til verkefnasjóðs.
- 77%** fer til landsskrifstofu í innanlandsstarf, alþjóðlegt hjálparstarf og almennan rekstur samkvæmt ákvörðun stjórnar.

2.2 Deildir sem eiga uppsafnað fjármagn í árslok ársins á undan sem er hærra en fimmfalt margfeldi framlaga Íslandsspila ársins á undan fá ekki greiddar kassatekjur skv. 2.1.b. hér að ofan. Þeirra framlag rennur í verkefnasjóð.

Uppsafnað fjármagn er reiknað sem hér segir: Allt fé á bankareikningi og í sjóði að viðbætttri allri verðbréfaeign, jafnt skammtíma- sem langtímaverðbréfum að viðbættum skammtímakröfum og að frádregnum skammtímaskuldum.

3. Skipting hagnaðar af framlögum Mannvina

Hagnaður af framlögum Mannvina reiknast sem allar greiðslur frá Mannvinum að frádregnum öllum kostnaði við fjáröflun þ.m.t. söfnun, innheimtu og umsýslu með fjáröfluninni. Skipting hagnaðar af framlögum Mannvina árin 2027 og 2028 skal vera eftirfarandi:

- a) **10%** fer til verkefnasjóðs
- b) **90%** fer til landsskrifstofu í innanlandsstarfs, til alþjóðlegs hjálparstarfs og almennan rekstur samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

Greinargerð:

Á vegum stjórnar og innan félags hefur verið mikil umræða um skiptingu tekna milli deilda og landsskrifstofu. Með tillögu þessari er stjórn að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið í umræðum sem og að draga úr millifærslum milli eininga félagsins.

Síðast var gerð breyting á tekjuskiptingu á aukafundi félagsins 15. maí 2025. Þá var samþykkt sú breyting á skiptingu sameiginlegra tekjustofna að í stað þess að fastsetja hlutfallslega skiptingu til einstakra verkefna landsskrifstofu á aðalfundi er stjórn falin ábyrgð á ráðstöfun fjármunanna með umfjöllun og samþykkt fjárhagsáætlunar landsskrifstofu árlega.

Deildir sem reka fataverkefni hafa verið ósáttar við að þurfa að greiða hlut tekna af fatasölu til Fatasöfnunar Rauða krossins, en hagnaður af fatasölu á landsvísu rennur til landsdekkandi verkefna í umsjá landsskrifstofu. Stjórn skipaði starfshóp til að gera tillögu að breytingum. Hópurinn starfaði hluta ársins 2025 en komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu, m.a. vegna þeirra afleiddu áhrifa sem niðurfelling framlaga deilda myndu hafa þar sem það væri ekki á valdi stjórnar að færa fjármuni til þeirra verkefna sem missa tekjur. Reglur um fataverkefni eru á forræði stjórnar en skipting sameiginlegra tekjustofna eru á forræði aðalfundar. Afnáam framlaga frá deildum leiðir af sér tekjutap fyrir Hjálparsímann, neyðarvarnir og fleiri verkefni og stjórn telur nauðsynlegt að bæta verkefnunum upp tekjutapið.

Stjórn mun breyta reglum um fataverkefni á þann veg að deildir sem reka fataverslanir halda eftir öllum tekjum af þeirri sölu og þurfa ekki lengur að greiða hluta sölunnar til landsdekkandi verkefna í gegnum Fatasöfnun Rauða krossins. Hlutfall kassatekna til verkefna landsskrifstofu hækkar sem þessum framlögum nemur, en þau hafa numið um 25 milljónum á ári síðustu ár. Með þessari tillögu er stjórn að koma á mótis við óskir deilda varðandi fataverkefnið án þess að skerða framlög til landsdekkandi verkefna.

Þegar ákveðið var að öll fjármálaþjónusta deilda færðist til landsskrifstofu þótti rétt að innheimta ekki sérstaklega fyrir þá þjónustu eins og áður hefur verið gert. Áður hafði landsskrifstofa tekjur af umsýslu nokkurra deilda. Þau framlög hafa verið um 10 milljónir króna. Tillögunni er ætlað að bæta þetta tekjutap skrifstofunnar með hækkun á hlutfalli kassatekna.